

Reikningsskilaráð ríkisins

35. Fundur – 3. júlí 2019 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, Björn Þór Hermannsson og Ólafur Hjálmarsson.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 34. fundar samþykkt.

2. Ríkisreikningur 2018.

Ríkisreikningur var birtur föstudaginn 28. júní og stóðst því áætluð tímasetning. Farið var yfir helstu niðurstöður reikningsins, skýringar og séryfirlit.

Farið var yfir að hve miklu leyti staðlar hafa verið uppfylltir og hvað bíður lokaárs innleiðingar.

3. Innleiðingaráætlun

Ríkisreikningur 2019 þarf að vera í fullu samræmi við IPSAS nema að reikningsskilaráð heimili tímabundna frestun á innleiðingu ákveðinna staðla. Farið var yfir mikilvæga þætti sem þarf að taka ákvörðun um en þeir helstu eru:

- **Jarðir, lóðir og lóðaréttindi.** Upplýsingar um virði á jörðum, lóðum, lóðaréttindum og slíku.
- **Aðrar eignir.** Fleiri þættir muni færast í efnahagsreikning. Þar má til dæmis nefna innviðaeignir aðrar en vegakerfi, ýmis hlunnindaréttindi o.fl.
- **Lífeyrisskuldbindingar.** Mat á lífeyrisskuldbinding með hliðsjón af áætlun um framtíðarlífslíkur..
- **Langtímaskuldir og langtímakröfur.** Breyta þarf matsaðferðum á þessum þáttum í efnahag ríkissjóðs.
- **Skuldbindandi langtímasamningar.** Taka þarf þessa samninga inn í efnahagsreikninginn og ber að leggja áherslu á að náð sé að fullu utan um slíka samninga.
- **Aðrar skuldir og skuldbindingar utan efnahags.** Við yfirferð og endurmat á skuldbindingum ríkissjóðs er líklegt að fleiri þættir muni færast í efnahagsreikninginn en verið hefur að fullri innleiðingu reikningsskilabreytinga lokinni. Mikilvægt er að reyna að draga skýr mörk á milli þess hvað skal talið innan efnahagsreiknings og að gerð sé grein fyrir þeim þáttum sem ákveðið er að halda utan hans.
- **Fasteignasýsla.** Taka þarf endanlega ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag fasteignamála hjá ríkinu í heild.
- **Rýning staðla.** Á tímabilinu júlí til október 2019 þarf að rýna hvern staðal fyrir sig og meta hvort að ársreikningur og bókhaldsleg meðferð sé að uppfylla kröfur staðalsins og ef ekki hvað þurfi að gera til viðbótar.
- **Frestunarheimildir reikningsskilaráðs.** Í kjölfar rýningar á stöðlunum þarf síða að taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að fresta innleiðingu á einhverjum stöðlum þar sem ekki náist að innleiða þá tímanlega.

4. Tekjuhópur, staðan.

Á næsta fundi mun tekjuhópur koma og kynna lokaniðurstöður.

5. Önnur mál.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur miðvikudaginn 4. september kl. 09:00.